

Reykjavík 11. nóvember 2016

Hr. Ólafur Ólafsson

Forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, hefur að höfðu samráði við forsætisnefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins, sbr. 2. gr. laga nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir, skipað undirritaðan til að stýra rannsókn á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf., sbr. ályktun Alþingis frá 2. júní 2011.

Nefndin hefur ákveðið að boða yður til skýrslutöku kl. 10:15 miðvikudaginn 16. nóvember næstkomandi í Norðurstofu Safnahússins, Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík.

Boðun þessi fer fram í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 68/2011, en samkvæmt þessu ákvæði getur rannsóknarnefnd kallað einstaklinga til skýrslugjafar og skulu þeir sem gefa skýrslu segja satt og rétt frá fyrir nefndinni. Samkvæmt sama ákvæði skal taka upp á hljóð- og myndband það sem fram fer við skýrslutöku eða varðveita það með öðrum tryggilegum hætti.

Í 2. mgr. 8. gr. er kveðið á um það að ef þeir sem kallaðir eru fyrir rannsóknarnefnd til skýrslutöku verða ekki við ósk nefndarinnar þar um geti nefndin óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni telji hún það nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins.

Í 10. gr. laga nr. 68/2011 er þeim sem „til rannsóknar eru hjá nefndinni, sbr. 2. mgr. 5. gr.“ laganna veitt ákveðin réttarstaða, en í 2. mgr. 5. gr. er þeim aðstæðum sem einstaklingur er til rannsóknar hjá nefndinni lýst með eftirfarandi hætti:

„Rannsóknarnefnd má fela það verkefni að gefa álit sitt á því hvort til staðar kunni að vera lögfræðileg atriði sem gætu varpað ljósi á hvort tilefni sé til þess að þar til bær stjórnvöld kanni grundvöll ábyrgðar einstaklinga eða lögaðila. Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað tilkynnir hún ríkissaksóknara það sem ákveður hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála. Ef nefndin telur að ætla megi að opinber starfsmaður hafi gerst brotlegur við starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða ákvæðum annarra laga sem gilda um störf hans, skal hún tilkynna viðkomandi forstöðumanni þar um og hlutaðeigandi ráðuneyti.“

Í ljósi þess að rannsóknarnefnd sú sem stofnað var til með ályktun Alþingis frá 2. júní sl. er ekki falið það verkefni að meta hvort til staðar kunni að vera lögfræðileg atriði sem gætu varpað ljósi á hvort tilefni sé til þess að þar til bær stjórnvöld kanni grundvöll ábyrgðar einstaklinga eða lögaðila, auk þess sem nefndin telur ekki verða ráðið að þeim gögnum sem hún hefur aflað að önnur atvik sem greind eru í 2. mgr. 5. gr. eigi við, telur nefndin að ákvæði 1. – 3. mgr. 10. gr., sem vísa sérstaklega til einstaklinga sem eru til rannsóknar, eigi ekki við um skýrslutöku yðar hjá nefndinni.

Vakin er athygli á því að þeim sem kemur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis er heimilt að skorast undan því að svara spurningu á grundvelli 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011, t.d. ef ætla má að í svarinu geti falist játning eða bending um að viðkomandi hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni.

Þá er í 6. mgr. 10. gr. laganna kveðið á um að ef maður lætur af ásetningi rannsóknarnefnd í té rangar eða villandi upplýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara fer um refsingu fyrir slík brot samkvæmt 145. og 146. gr. almennra hegningarlaga. Um slík mál fer þá samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Nefndarmenn rannsóknarnefndar og starfsmenn bera samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 68/2011 þagnarskyldu um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara. Ákvæði 1. mgr. stendur þó ekki í vegi fyrir því að rannsóknarnefnd geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar, sbr. 2. mgr. 11. gr. Í síðastnefnda ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að nefndin skuli því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 68/2011 ákveður rannsóknarnefnd sjálf, innan þess ramma sem umboð hennar og lög þessi leyfa, hvernig framkvæmd rannsóknar skuli hagað með það að markmiði að mál það sem til athugunar er verði sem best upplýst. Með hliðsjón af framangreindu ákvæði mun nefndin ekki veita að svo stöddu frekari upplýsingar um framkvæmd rannsóknarinnar, tilhögun þeirrar skýrslutöku sem hér er boðað til, en vísar að öðru leyti til ákvæða laga nr. 68/2011.

Virðingarfyllst,

Kjartan Bjarni Björgvinsson